

## **Greinargerð með viðauka 1 við fjárhagsáætlun Höfða 2022**

Helstu frávik frá fjárhagsáætlun 2022 samkvæmt viðauka 1 eru eftirfarandi:

### **Tekjur:**

Tekjuáætlun ársins er endurskoðuð miða við útgefna gjaldskrá SÍ en hún lá ekki fyrir við gerð fjárhagsáætlunar 2022. Einnig er tekjuáætlun endurskoðuð vegna breytinga á samsetningu rýma frá því upphaflegri fjárhagsáætlun. Áhrif til hækkunar frá áætlun er 5,9 mkr. á daggjöldum hjúkrunar- og dvalarrýma. Húsnæðisgjald hækkar um 240 þús.kr. frá upphaflegri áætlun. Auk þess koma inn í viðauka 1 tekjur vegna tímabundina biðrýma frá Landspítala upp á 5,6 mkr. Endurgreiðsla sveitarfélaga hækkar um 1,8 mkr. frá áætlun vegna hækkunar á framlagi eignaraðila vegna greiðslu langtímalána.

Einnig er gert ráð fyrir endurgreiðslu á Covid kostnaði frá SÍ að fjárhæð 15,3 mkr. en ekki hafði verið áætlað fyrir slíku í upphaflegri fjárhagsáætlun.

Samtals hækka tekjur um 28,5 mkr. í viðauka 1.

### **Launaliðir:**

Laun og launatengd gjöld hækka um 15 mkr. í viðaukanum vegna hagvaxtauka sem hafði ekki verið áætlað fyrir.

### **Annar rekstrarkostnaður:**

Á lykil 1972 Annar starfsmannakostnaður er fært til hækkunar um 400 þús.kr. vegna starfsaldursviðurkenninga og jólagjafa starfsmanna.

Á lykil 2110 Matvæli er fært til hækkunar um 12,8 mkr. vegna verðlagshækkanna og framleiðsluaukningar eldhúss Höfða vegna heimsendingar á mat og til Akraneskaupstaðar v. Dalbraut 4.

Á lykil 2180 Hreinlætisvörur er fært til hækkunar um 4,7 mkr. vegna Covid og verðlagshækkanna.

Á lykila 2210-2290 lyf og lækningavörur er fært til hækkunar um 5,5 mkr. vegna verðlagshækkanna.

Samtals hækka vörukaup um 23 mkr. eða 21,6% milli viðauka 1 og upphaflegrar áætlunar.

Á lykil 4070 Auglýsingar er fært til hækkunar um 350 þús.kr. vegna atvinnuauglýsinga sem ekki hafði verið áætlað fyrir.

Á lykil 4080 Félagsgjöld er fært til hækkunar um 776 þús.kr. vegna hækkunar á framlagi til SFV og þjónustugjaldi Ríkiskaupa.

Á lykila Orkukaupa er fært til hækkunar um 1,1 mkr. vegna hækkunar á eldsneyti og rafmagni.

Á viðhaldslyklar 4620-4680 er fært til hækkunar um 5,9 mkr. Helstu skýringar eru ófyrirséð hækkun á viðhaldi bifreiða og vegna kaupa á nýjum gufuofni í eldhús Höfða til að mæta framleiðsluaukningu.

Á skattalykla 4810-4890 er fært til hækkunar um 1,8 mkr. vegna hækkunar á fjármagnstekjuskatti vegna aukningar á vaxtatekjum, auk þess var vanáætluð hækkun á fasteignagjöldum og vatns- og fráveitugjöldum.

Sjá nánar breytingar á einstaka bókhaldslyklum í sundurliðun Víðauka 1.

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 25,2 mkr. í viðauka 1.

Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

Fært er til hækkunar á vaxtatekjum um 5,7 mkr. vegna hækkunar á innlánsvöxtum.

Fært er til hækkunar á fjármagnsgjöldum um 1,8 mkr. vegna verðbólguáhrifa.

Rekstrargjöld hækka samtals um 41,9 mkr. í viðauka 1 eða um 3,1% frá upphaflegri fjárhagsáætlun 2022.

Rekstrarniðurstaða ársins er neikvæð um 22,4 mkr. samkvæmt viðauka 1 í stað neikvæðrar afkomu upp á 14,6 mkr. skv. upphaflegri fjárhagsáætlun 2022. Breytingin nemur 7,8 mkr.

Samkvæmt sjóðstreymi viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að handbært fé í árslok nemi samtals 87,2 mkr. og lækkar um 7,8 mkr. frá upphaflegri fjárhagsáætlun 2022.

Akranesi, 25. nóvember 2022

Kjartan Kjartansson  
framkvæmdastjóri Höfða.